

Því brástu mér von mín

Ísólfur Pálsson

Ísólfur Pálsson, 1907

Commodo

1. Því brást - u mér von mín sem bar ég í hjart - -

a? Ég bjó þér svo veg - leg - an stað. Ég

hugði' að þú legð - ir mér braut - in - a bjart - - - a en

brást mér, því gjörð - irð - u það? Því gjörð rit. - irð - u það?

ÞVÍ BRÁSTU MÉR VON MÍN?

Því brástu mér von mín, sem bar ég í hjarta?
Ég bjó þér svo veglegan stað.
Ég hugði' að þú legðir mér brautina bjarta
en brást mér, því gjörðirðu það?
Því gjörðirðu það?

Og hvað ertu, von mín, svo veik ei að treysta
en viðkvæm og hverful í senn?
Hve tæpt er að hyggja' á þinn tindrandi neista
sem treysta þeir vonglöðu menn.
Þeir vonglöðu menn.

Því er ég að kvarta mín kæra
þó komi ekki allt mér í té?
Þú ert svo sem vís til að veita
mér velferð þó síðar sé.
Já, þú ert svo vís til að veita
mér velferð þó síðar sé.

Handrit

- Óbreytt: Band 1-102, Band 2-37 (1907), A02, B08 (frág.)
- Frávik: A02 (4/4, skissa)